

Skýrsla æskulýðsnefndar Hrings árið 2010

Nóvember:

22.nóvember var fyrsti fundur vetrarins hjá Æskulýðsnefnd. Þar hittust börn, foreldrar og nefndarmenn og áttu saman góða stund. Farið var yfir dagskrá vetrarins í grófum dráttum og spjallað um hitt og þetta. Krakkarnir komu með hugmyndir að því sem þau langar að gera í vetur og sögðu sögur frá sumrinu. Á meðan við spjölluðum saman var boðið uppá vöfflur og heitt kakó sem rann ljúflega niður hjá öllum.

Desember:

11.desember var haldið jólabingó á vegum Æskulýðsnefndar. Bingóið fór fram í Hrinsholti milli klukkan 20 og 22 um kvöldið. Margir góðir vinningar voru í boði og boru allir hvattir til þess að mæta. Foreldrar sáu um kaffiveitingar þetta kvöld og lögðu allir saman í púkkið. Æskulýðsnefnd sá um kaffi og kakógerð þetta kvöld.

Janúar:

Í janúar hófst svo kennsla vetrarins.

Breitingar á kennslu frá því í fyrra voru þær að boðið var uppá kennslu fyrir yngstu börnin líka, þ.e börn á aldrinum 3ja til 5 ára. Foreldrar komu með þessum hóp til aðstoðar og var hópurinn með tilbúna hesta í byrjun hvers kennslutíma.

Byrjendahópur var einnig líka í boði fyrir eldri börn, þ.e börn á aldrinum 6 til 12 ára. Kennari skipaði í þessa hópa og voru börnin færð til í hópum eftir getu. Þessi hópur mætti einnig með hesta tilbúna fyrir hverja kennslustund.

Framhaldshópar, þ.e börn og unglingar sem höfðu verið í kennslu áður hjá Hring voru skipaðir af kennara og var skipulag með svipuðu sniði og í fyrra. Í hverjum hóp voru 6-8 nemendur og voru þetta 6 hópar allt í allt. Aldrei hafa fleiri börn sótt námskeið hjá Hring en nú í vetur(35 börn) og er það mjög ánægjulegt fyrir félagið.

Kennari var Guðrún Rut Hreiðarsdóttir. (hefur lokið prófi sem hestafræðingur og leiðbeinandi ,og einnig sem tamningamaður frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal.)

Hvatningaverðlaun Æskulýðsnefndar:

3.ja janúar voru veitt Hvatningaverðlaun Hrings í annað sinn. Hvatningaverðlaunin eru veitt því barni/unglingi eða þeim börnum/unglinum sem þykja hafa skarað frammúr í hestamennsku á liðnu ári. Eru verlaunin ætluð til að hvetja unga hestamenn til þess að hugsa vel um hestana sína og sýna dugnað í öllu því er viðkemur hestamenskunni í dag. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Eydís Arna Hilmarsdóttir sem var vel að verðlaununum komin.

Bárum á reiðtygin okkar laugardaginn 23.janúar

Í byrjun vetrarins var fyrsti kennslutíminn notaður til þess að kenna börnunum að bera á reitygin sín. Æskulýðsnefnd skaffaði allt sem til þurfti og gekk þetta alveg eins og í sögu. Mikilvægt er fyrir börnin að kunna að hugsa vel um reitygin sín eins og hestana.

Febrúar:

Í byrjun febrúar hófust svo skipulagðar kennsluhelgar sem voru aðra hverja helgi í allan vetur.

Mót:

Haldin voru 2 mót innan félagsins fyrir krakkana á liðnum vetri. Voru þau kölluð Æskulýðsmót Hrings. Mótin heppnuðust mjög vel og var fyrri mótið haldið innanhúss í höllinni okkar og hitt mótið svo utanhúss, samhliða firmakeppni Hrings sem haldin er árlega. Mikil stemming skapaðist í kringum krakkana.

Æskan og hesturinn.

Í maí var stefnt að því að fara með hópinn á Æskan og hesturinn á Króknum, æft var stíft fyrir ferðina og atriði krakkanna voru tilbúin til sýningar en þá kom hrossaflensan og sýningunni var aflýst.

Hrossin hjá okkur voru ekki orðin veik þannig að við fórum í frábæra fjölskylduferð sömu helgi og sýningin átti að vera í staðinn og svo var kaffi og leikir eftir ferðina. Ég held að allir hafi skemmt sér vel þó að auðvitað hafi krakkarnir verið svektir að hafa ekki komist vestur. Í kringum 60 manns komu með í þessa ferð.

Fleiri viðburðir voru ekki á dagskrá hjá okkur í sumar því að veikindi hrossa settu stórt strík í reikninginn hjá okkur. Ætlum við að hittast hress í haust og skipuleggja næsta vetur og vona að flensan verði gegnin yfir þegar hross verða tekin á hús um áramót þannig að hægt verði að halda áfram með kennslu og aðra skemmtilega viðburði eins og í fyrravetur.

Kveðja

Guðrún Rut Hreiðarsdóttir æskulýðsfulltrúi hestamannafélagsins Hrings.



